

Fráveitugjald

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Að jafnaði hefst innheimta við byggingarstig 4. Fráveitugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum.

Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við stærð eignar (fermetragjald) skv. fasteignaskrá. Hámark fráveitugjalds er 0,5% af fasteignamati skv. 15. gr. laga 9/2009. Liggi ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,15% af fasteignamati matshluta. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið, svo sem ef losun fer yfir skilgreind losunarmörk. Sérstakar aðgerðir geta einukum falið í sér sértæka hreinsun eða breytingu. Við ákvörðun gjaldsins skal miða við áætlaðan kostnað við aðgerðirnar (sjá nánar í skilmálum fráveitu og viðkomandi reglugerðum).

Fráveitugjöld eru undanþegin virðisaukaskatti.

Þar sem fráveitulögn er tengd rotþró annast Norðurorka viðhald og hreinsun rotþróarinnar enda greiði aðili fráveitugjald.

Gerð húsnæðis	Fastagjald kr./matseiningu	Fermetragjald kr. /m ² /ár
Íbúðarhúsnæði	13.613	321,65
Annað húsnæði en íbúðarhúsnæði	13.613	321,65

Tengigjald

Tengigjald fráveitu er miðað við tvöfalda tengingu sem er háð hæðarpunktum veitukerfis og því mikilvægt að afla upplýsinga áður en farið er í hönnun frárennslis. Lóðarhafi ber umframkostnað vegna tenginga og semja þarf sérstaklega um stærri tengingar og þar sem aðstæður eru óhefðbundnar. Hafa skal samband við Norðurorku varðandi frekari upplýsingar, sjá skilmála fráveitu á heimasíðu NO. Ekki reiknast virðisaukaskattur á tengigjald fráveitu.

Verðin miðast við tvöfalda 110-150 mm tengingu við lóðamörk og fyrstu tengingu inn á lóð, en lóðarhafar greiða raunkostnað fyrir umfram tengingar og stærri tengingar. Ekki er sjálfgefið að umfram tengingar eða stærri tengingar séu samþykktar. Þær þarf að skoða hverju sinni miðað við forsendur. Fyrir stakar lóðir, þar sem tenging er ekki til staðar t.d. vegna þéttingar byggðar, greiðir lóðarhafi raunkostnað af nýrri tengingu við virkt fráveitukerfi.

Þvermál fráveitu	kr
110 - 150 mm (sérbyli)	305.927
110 - 150 mm (2 til 5 íbúðir)	370.302
110 - 150 mm (6 til 12 íbúðir)	434.676
110 - 150 mm (13 til 20 íbúðir)	499.051
110 - 150 mm (>20 íbúðir)	563.426